

Hátíðarræða á 50 ára afmæli Seðlabanka Íslands

eftir
Árna Pál Árnason
efnahags- og viðskiptaráðherra

Forseti Íslands, seðlabankastjóri, aðrir góðir gestir.

Gylfi Þ. Gíslason, sem var viðskiptaráðherra við stofnun Seðlabankans og einn helstu hugmyndasmiða aðlögunar Íslands að alþjóðasamvinnu og viðskiptafrelsi, lýsti tilgangi hins nýstofnaða Seðlabanka svo í minningum sínum um viðreisnarárin að bankanum væri ætlað að *varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð sem tryggja myndi viðskiptafrelsi með því að ávallt væri til staðar gjaldeyris til viðskipta við útlönd og „stuðla að fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við“.*

Í hagsögunni hafa fjármálamarkaðir Vesturlanda oft reynt ofpenslubólur og fjármálakreppur með hörmulegum afleiðingum fyrir raunhagkerfið sem alþýða manna byggir afkomu sína á. Þetta vissi Gylfi Þ. Þess vegna var varðstaða um fjárhagslegt öryggi Íslands forsenda alþjóðlegs viðskiptafrelsis í hans huga. Glíman við að tryggja hvort tveggja í senn viðskiptafrelsi og efnahagslegt öryggi var þá, rétt eins og nú, flóknasta verkefni íslenskrar hagstjórnar.

I.

Sérnafníð „Hrunið“ hefur fylgt okkur allt frá vetrarbyrjun 2008 – og fylgir enn. Þetta hugtak er að sumu leyti hætt að vísa til fortíðar og afmarkaðra atburða heldur lýsir í hugum margra viðvarandi óheillaþróun þar sem tilfinningin sem ríkir er sú að Íslands óhamingju verði allt að vopni og að sú þróun ætli engan endi að taka.

Þegar við nú fögnum fimmtíu ára afmæli Seðlabanka Íslands búast því væntanlega margir við að ég segi bankanum til syndanna og lesi þungbrýndur upp af löngu syndaregistri. Og víst er um það að fyrsti áratugur þessarar aldar markaði ekki glæstustu kaflana í sögu Seðlabankans eða sögu íslenskrar hagstjórnar. Þessi ræða verður þó ekki í þeim dúr. Þjóðin stendur frammi fyrir þeirri raunverulegu ógn að umræðan í landinu stjórnist af heilögum sakbendlum sem nærast á og næra hræsnisfulla fortíðarsýn sem horfir framhjá framtíðinni, skilur bara persónusögu, horfir framhjá samábyrgð og hlífir sér við því að skilja í raun hvað gerðist og þar með hvað fram undan er.

Sagt er að í Svíþjóð sé ekki enn samhljómur um orsök bankakreppunnar og gengishrunsins sem þar varð árið 1992. Rannsóknarnefnd Alþingis stillti orsökum falls íslensku bankanna upp í 68 mismunandi atriðum án orsakasamhengis, án alþjóðlegs

TALAÐ ORÐ GILDIR

samanburðar og án greiningar á sögulegu samhengi. Sagt er um Argentínu að þar hafi bankakreppa breyst í viðvarandi stjórnarfars- og efnahagskreppu því að samfélagið hafi aldrei komið sér saman um leiðina út. Sundurlyndisfjandinn á marga samherja á Íslandi og brýnasta verkefni okkar nú er að leggja hann að velli. Grunnstofnanir hvort sem er ríkisstjórn, Alþingi eða Seðlabanki verða að þekkja sinn vitjunartíma, skilja að skyldan er sú að greina sameiginlega þjóðarhagsmuni og láta þá ráða í einu og öllu.

Hvernig getur Ísland áfram verið opið hagkerfi á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum?

Með nýjum lögum um Seðlabankann árið 2001 voru bankanum sett skýr markmið um að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins hér á landi, meðal annars með tilliti til þess að eftirlit með innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum hafði verið flutt úr bankanum og allt fjármálaeftirlit sameinað á einum stað. Nýju lögin voru lokahnykkur á langri þróun á fjármagnsmarkaði til samræmis við skipan mála í iðnríkjunum í kringum okkur. Í skýrslu sem Joseph Stiglitz tók saman fyrir Seðlabankann árið 2001 um hvaða hættur gætu steðjað að litlu opnu hagkerfi með frjálsar fjármagnshreyfingar var lögð áhersla á að Seðlabankinn þurfi að hafa tiltæk og beita þjóðhagsvarúðartækjum til að hefta ofvöxt eða of mikla áhættutöku í fjármálakerfinu.

Málflutningur Seðlabanka Íslands til útskýringar á því sem aflaga fór að þessu leyti í aðdraganda hrunsins er í fjötrum persónuvarnar þáverandi formanns bankastjórnar í tilraunum hans til að koma sök á aðra. Skylda bankans er að skila frjálsu og gagnrýnu fræðilegu mati á því af hverju mælikvarðar Seðlabankans á fjármálastöðugleika í landinu reyndust rangir. Meintar viðvaranir formanns bankastjórnar sem voru óskráðar og ótengdar mati á fjármálastöðugleika eru nú grunnur saksóknar gegn fyrrverandi forsætisráðherra. Getur slíkt verklag, jafnvel þótt það hafi verið viðhaft, nokkurn tíma talist réttmætt, faglegt og stofnuninni samboðið?

Mat á fjármálastöðugleika er ennþá, rétt eins og fyrir 2008, lögmælt hlutverk Seðlabanka Íslands og því verður að sinna af alvöru, stjórnfestu og fagmennsku. Spurt er: *Hvert er rétt mat á fjármálastöðugleika lítils, opins hagkerfis á hnattrænum, óstöðugum fjármagnsmörkuðum?* Þjóðin bíður skýrs og óhlutrægs svars seðlabanka síns við því.

II.

Breytingin á íslensku efnahagslífi er gríðarleg á þessum fimmtíu árum sem liðin eru frá stofnun Seðlabanka Íslands. Þegar Seðlabankinn var settur á fót var Ísland enn skilgreint þróunarríki innan Sameinuðu þjóðanna. Efnahagslífið var einhæft og illa farið eftir krampakennar tilraunir stjórnvalda um áratugi til að halda aftur af heimatilbúinni víxlverkan hafta og viðskiptahalla. Traust á Íslandi í alþjóðlegum viðskiptum var í lágmarki. Pólítísk spilling var landlæg. Peningar voru afhentir vildarvinum á kostakjörum úr ríkisbönkum og skattar innheimtir að geðþótta.

Það reyndist aldrei mögulegt að ná umtalsverðum stöðugleika gengis og verðlags. Þar réð líklega mestu smæð hagkerfisins og viðkvæmni þess fyrir sveiflum, en stærsti árangurinn

TALAÐ ORÐ GILDIR

af starfi Seðlabankans var að okkur tókst að auka tiltrú á íslenskt hagkerfi og íslenska hagstjórn á þann veg að lánstraust þjóðarinnar jókst og lánshæfismat ríkisins batnaði. Fyrir vikið varð mögulegt að afla lánsfjár til framkvæmda sem skiluðu þjóðinni arði og juku hagsæld í landinu.

Árið 2003 var lánstraust Íslands orðið auðlind – auðlind sem við ofnýttum með sama hætti og síldin var ofveidd á sinni tíð. Þegar lánshæfismat ríkisins hafði náð allra bestu styrkst byggðu nýeinkavæddir bankar á þeim grunni og sóttu óheft fjármagn til endurlána með þeim hörmulegu afleiðingum sem allir þekkja. Það voru ekki bara óabyrgir bankamenn sem misstu fótanna. Stjórnámálamenn blinduðust líka af ávinningnum sem lánshæfismatið gaf. Íbúðalánasjóði var breytt úr húsnæðislánastofnun sem lánaði almenningi á lágmarkskjörum með lágmarksáhættu í fjármálastofnun sem axlaði mikla áhættu í rekstri og var óvarin fyrir áhlaupi á markaði. Sveitarfélög öfluðu sér gríðarlegs lánsfjár á ótrúlega hagstæðum kjörum til misskynsamlegra verkefna. Sparisjóðir tóku margir þátt í leiknum og breyttust í vogunarsjóði. Tugþúsundir Íslendinga tóku lán umfram það sem skynsamlegt var.

III.

Það er kominn tími til að binda enda á „Hrunið“. Forsenda efnahagslegs öryggis er endurnýjuð sóknarbarátta Seðlabanka og ríkisstjórna fyrir alþjóðlegu trausti og tiltrú á íslenskt efnahagslíf. Þá baráttu verður að byggja á þeim meginmarkmiðum með starfi Seðlabanka Íslands sem Gylfi rakti forðum – að stuðla að fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við og tryggja viðskiptafrelsi. Jóhannesi Nordal, fyrsta Seðlabankastjóranum, varð tíðrætt í skrifum sínum um mikilvægi þess að vera í senn góður heimsborgari og sannur Íslendingur. Aldrei í sögu sjálfstjórnar Íslands hefur þetta skipt jafn miklu og nú.

Samspil þjóðríkisins og fjölþjóðlegs skipulags fjármálamarkaða verðum við Íslendingar að skilja til fulls, ef við ætlum að verja hagsmuni okkar. Mat okkar á fjármálastöðugleika, á rekstri banka í mörgum ríkjum, á forsendum eigin gjaldmiðils og opnun hagkerfisins og skipulagi okkar eigin hagstjórnar – allt þarf þetta nýrrar hugsunar við. Hagfræðin í landinu þarf fleiri raddir en þá einsleitni sem leiddi til þess að enginn hagfræðingur varaði opinberlega við ofvexti bankakerfisins eins og Gylfi Zoëga rekur ágætlega í nýrri bók.

Við þurfum að hugsa ýmsa þætti upp á nýtt. Peningar verða okkur nú dýrir. Ódýrt lánsfé mun ekki ráða atvinnuuppbyggingu og knýja hagvöxt á Íslandi á næstu árum. Þvert á móti þurfum við nýjar lausnir sem leggja grunn að hagvexti á sjálfbærum forsendum. Við þurfum að byggja nýja umgjörð um fjármögnun stærra fjárfestingar í íslensku atvinnulífi. Við þurfum að tryggja forsendur heilbrigðrar fjárfestingar, innlendar sem erlendar, og auka aðgang íslensks atvinnulífs að erlendu fjárfestingarfé. Við þurfum að koma á skynsamlegu fjármálakerfi, sem styður við verðmætasköpun í atvinnulífinu og gerir samkeppnishæfum fyrirtækjum kleift að vaxa hér á landi.

Við þurfum að herða okkur í endurbótum á bankarekstrinum í landinu. Gengisfall krónunnar þurrkaði í einu veffangi upp drýgstan hluta eigin fjár fyrirtækja, heimila,

TALAÐ ORÐ GILDIR

sveitarfélaga og veitufyrirtækja. Okkur verður að takast að hreinsa út hið ónýta og bankar og aðrir að viðurkenna tapaðar kröfur. Meðan ársreikningar bankanna gefa óraunsanna mynd af rekstri þeirra og lánateppa ríkir, er hætta á lamandi stöðnun efnahagslífs Íslendinga. Hvaða forsendur eru fyrir því að bankar reikni sér háar vaxtatekjur af endurmati á útlánasöfnum þar sem annað hvert lán er í vanskilum? Bankar þurfa að byggja á heilbrigðum rekstrarforsendum og störfum í fjármálakerfinu þarf að fækka verulega. Ef sú þróun tefst mun allt of stórt og dýrt bankakerfi sjúga afl og þrótt úr atvinnulífinu og frá heimilunum í landinu.

Við þurfum aftur að fá húsnæðislánakerfi sem gerir fólki kleift að taka hófleg lán með lágmarksáhættu. Öll íbúðalán eiga að vera forfjármögnuð með skuldabréfaútgáfu á markaði og uppgreiðsla íbúðalána þarf ávallt að vera heimil. Nýendurreistir bankar eiga að koma að því að veita íbúðalán á þessum sjálfbæru forsendum, rétt eins og hið opinbera.

Thor Vilhjálmsson minnti í viðtali fáum dögum fyrir andlát sitt á að við þyrftum að komast „út úr fárinu og standa saman, þeir sem hafa einhvern mann innra með sér“ og minnti á orð Kjarvals: „Fólk sem lyftir aldrei neinu í samtaki verður aldrei þjóð“. Hann bætti við: „Nú ríður á þessu: Samtak, verða þjóð og vinna fyrir okkur sem þjóð, meðal þjóða heimsins.“

Við stöndum nú á tímamótum. Mun okkur auðnast að vísa veginn út úr þokunni – út úr fárinu, eins og Thor orðaði það? Verkefnið er að skapa efnahagslegan stöðugleika og samkeppnishæf lífskjör. Til þess þurfum við að vera jafnt heimsmenn og heimamenn: Við þurfum að skilja þau tækifæri sem búa í íslensku atvinnulífi en þora jafnframt að marka atvinnulífinu alþjóðlega og samkeppnishæfa umgjörð og ætla Íslandi þann sess sem sæmir meðal þjóða heimsins. Til þess þarf meðal annars faglega sterkan og öflugan seðlabanka með skilning á fortíðinni og skýra sýn til framtíðar.